Nd. **192. Tillaga**

til þingsályktunar um aukna landhelgigæslu við innanverðan Faxaflóa, í nágrenni við Reykjavík.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að auka landhelgigæsluna við innanverðan Faxaflóa á þeim tíma árs, þegar þörfin er brýnust, og með þeim

hætti, er hentast þykir, enda verði á engan hátt dregið úr þeirri sjergæslu, er verið hefir í sunnanverðum flóanum.